

þjóðar í sjálfum mér“





Guðmundur Jónsson bóndi, Hóli, *1926. Túss á pappír, 33 x 26 cm. Listasafn Íslands. „Kjarval opinberar djúpan, sálfræðilegan skilning á viðfangsefni sínu auk þes sem hann sýnir á ógleymanlegan hátt hversu fágætir teiknihæfileikar hans voru.“*

veggmyndirnar í Landsbankanum, andlitsmyndirnar sem hann gerði á Austfjörðum árin 1926 og 27, og hvernig Parísarferðin 1928 opnar augu hans fyrir möguleikum þess að vinna úti. „Þau sex ár sem Kjarval hafði búið á Íslandi hafði hann verið leitandi í landslagstúlkun sinni og í raun ekki lagt megináherslu á þetta myndefni … Í Fontainbleu-skógi virðist hann hinsvegar hafa fundið það sem hann leitaði að og notið þess til fullnustu að mála úti.“ Fljótlega þar á eftir ákveður hann að „leggjast út“, það verða þáttarskil á ferli hans, þegar hann ræðst í að túlka landið, og „leitar að sérkennum íslenskrar náttúru, túlkar íslenska birtu og skilgreinir íslenska liti.“

Árið 1924 flutti Tove aftur til Danmerkur með börnin og eftir brotthvarf hennar hirti Kjarval aldrei um að búa sér heimili og lífshættir hans tóku breytingum, eða með orðum Kristínar, vék fjölskyldufaðirinn fyrir „bóhemnum sem var sérviskulegur jafnt í háttum sem tilsvörum. Í augum Íslendinga varð hann smám saman táknmynd listamannsins, sem lifði fyrir list sína og skeytti lítt um borgaralegt gildismat, veraldlegan auð og vegtyllur en fór sínar eigin leiðir í lífinu og listinni.“

Snillingur: Kjarval

Kjarval varð smám saman vinsæll og þekktur, fyrir list sína, útlit og uppákomur. Hann vann markvisst og meðvitað útfrá landinu og náttúrunni, fann sífellt nýjar víddir í landslagsmálverkinu og vann jafnframt að fantasíukenndari verkum. Árið 1935, á fimmtugsafmælinu, var Kjarval hylltur með stórri yfirlitssýningu í MR, þar sem héngu á fimmta hundrað verk. Hann hafði unnið hörðum höndum í 25 ár, eða frá því að hann hélt til náms, og hafði nú áunnið sér virðingu samborgaranna. Eftir það má segja að sigurganga Kjarvals haldi áfram, hann var orðinn óskabarn þjóðarinnar, svo vitnað sé í dagblaðið Vísi árið 1940: „Honum hefur tekist, öðru fremur, að mála sig inn í hjörtu fólksins, og enda þótt sumir kaupi eftir hann málverk af því að þeir halda að það sé „fínt“, þá eru hinir þó miklu fleiri sem unna list hans af lífi og sál og njóta hennar af sálrænni þörf.“

Á sýningunni á sextugsafmælinu ætlaði allt vitlaust að verða, svo vitnað sé í frétt *Morgunblaðsins*: „Stórkostleg hraðsala málverka, 33 Kjarvalsmyndir á 20 mínútum.“ Eftir þá uppákomu hætti Kjarval að halda sölusýningar, seldi verkin frekar á uppboðum.

Inní frásögnina renna áhugaverðar hliðarsögur, eins og af sviknum loforðum stjórnvalda um hús handa listamanninum, og er það ljót saga.

Upp úr 1950 tóku fantasíurnar að renna saman við landslagið í málverkum Kjarvals og skilin á milli portrettmyndanna og fantasíuverkanna urðu að sama skapi óljós, „land og verur urðu smám saman eitt.“ Kjarval sat þá á friðarstóli, óumdeildur og dáður eins og eftirfarandi skrif Harðar Ágústssonar frá 1954 bera vitni um: „Mikið lifandis skelfing er gott til þess að vita að við sem erum svo oft að deila um málaralist skulum þó eiga einn mann sem við erum öll sammála um að er snillingur: Kjarval.“

Síðustu árin dró úr afköstum Kjarvals þótt hann héldi áfram að mála til 1968. Það ár stóðu vinir hans fyrir yfirlitssýningu á verkum hans sem 47.000 manns sáu, en sá fjöldi er með ólíkindum og til marks um óviðjafnanlegar vinsældir listamannsins.

Í janúar 1969 var Kjarval fluttur á sjúkrahús og átti ekki afturkvæmt. Á vinnustofu hans við Sigtún stóð málverk af palettu, litaspjaldi, sem var ekki nýtt myndefni af hálfu listamannsins, nema þetta var autt, án lita. „Myndin af auða litaspjaldinu, sem listamaðurinn hafði merkt vandvirknislega og skilið við á trönunum, fól í sér skilaboð frá honum til umheimsins: sextíu ára ævistarfi hans væri hér með lokið.“

Teikningaröð af alþýðufólki

Gylfi Gísason myndlistarmaður skrifar fjörlega grein um teikningar Kjarvals. Rekur hann þar þróunina og stiklar á stíllegum einkennum. Segir hann meðal annars: „Á Íslandi hefur margt verið vel gert í myndlist, en eigi þar að finna listaverk sem eru engu öðru lík og þola samjöfnuð við heimslistina hlýtur teikningaröð Kjarvals af alþýðufólki að koma sterklega til álita.“

Hinn kunni listheimspekingur, Arthur C. Danto, gagnrýnandi *The Nation*, setur Kjarval í íslenskt og alþjóðlegt samhengi. Bendir hann á að stílbrögð og verk Kjarvals eiga sér ákveðinn grunn sem hann þróaði áfram, úr hræringum módernismans: „Forsendan fyrir list Kjarvals var módernisminn í Evrópu á fyrstu áratugum tuttugustu aldar, sem honum tókst að nýta til að skapa þjóðlega vitund með því að upphefja skynjun samlanda sinna á ættjörðinni sem þeir álitu órjúfanlegan hluta af sjálfum sér.“

Matthías Johannessen skáld, sem hefur skrifað bækur um kynni sín af Jóhannesi Kjarval, skrifar ljóðrænan texta um veruleika málarans.

Einmana maður

Lokakafli bókarinnar er eftir Silju Aðalsteinsdóttur og kallast Goðsögnin og maðurinn. Þetta er góð samantekt um manninn Kjarval, um karakterinn, skáldið, sögurnar, goðsöguna og raunveruleikann. Silja týnir til heimildir, ræðir við afkomendur og er frásögnin studd fjölda áhugaverðra ljósmynda.

Athyglisvert misræmi er á milli frásagna og kunningja og óskyldra annarsvegar og hinsvegar ættingjanna, en þar birtist í raun átakanleg sýn á tilfinningalega skertan mann, vissulega ofurmenni í listinni, en mann sem var afar einmana og þráði hamingju. Hann gaf sig listinni og þjóðinni en það kostaði fórnir. „Hann var mest einmana manneskja sem ég hef þekkt,“ segir Guðrún Helgadóttir Kjarval, tengdadóttir hans.

„Engin venjuleg mannlýsing getur náð utan um manninn sjálfan og allan – ekki frekar en einn stimpill nær yfir öll myndverk Jóhannesar Kjarval,“ skrifar Silja og er áreiðanlega satt og rétt.

„Öll samskipti pabba og afa byggðust á trega afa eftir normal lífi eins og ég komst að löngu seinna,“ segir Jóhannes S. Kjarval yngri, sonarsonur málarans, „og trega pabba yfir að eiga ekki venjulegan föður, stoð í lífinu. Hann ólst upp með systur sinni hjá ömmu í basli í Kaupmannahöfn með þessa tálsýn um föður. Það voru alltaf væntingar um eitthvað sem aldrei varð.“

En barnabörnin skynjuðu mikilmennið sem bókin fjallar um. Jóhannes yngri segir: „Fyrir mér er afi risi … Ég sé hann fyrir mér eins og risa sem gengur fram aldirnar meðan við öll hin gleymumst. Og hann varð strax slíkur risi. Maður gerði sér grein fyrir því furðulega ungur hvað þetta var kynngimagnaður kraftur.“

Í lok bókar er ítarlegur æviannáll, skreyttur plöggum úr fórum málarans, og vönduð myndverka- og heimildaskrá í ritstjórn Eiríks Þorlákssonar.

Útgefendur bókarinnar, Einar Matthíasson og Erna Sörensen hjá Nesútgáfunni, eiga heiður skilinn fyrir að ráðast í þessa tímabæru útgáfu, sem hæfir minningu hins mikla listamanns.

Einar Falur Ingólfsson